

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 7 22. janúar 1961 um iðgjöld til
slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40/1963
um almannatryggingar, sbr. reglugerð nr. 60 1969.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Vikugjöld í hverjum áhættuflokki skulu vera sem hér segir:

Áhættuflokkur	Iðgjöld kr. á viku
1.	50
2.	84
3.	164
4.	164
5.	196
6.	315
7.	455
8.	648
9.	875
10.	1047

2. gr.

Í 23. málsg. 4. gr. komi:

14 500 krónur í stað „9 000 krónur.“

3. gr.

8. gr. orðist svo:

Fyrir ökumenn bifreiða skal vikugjald vera kr. 64.

Fyrir áhafnir flugvéla skal vikugjald vera kr. 648.

4. gr.

9. gr. orðist svo:

Fyrir áhafnir skipa skal vikugjald vera sem hér segir:

Áhafnir róðrabáta og vélbáta undir 12 lestum kr. 648. Þó skal iðgjald af trillu-
bátum aldrei vera lægra en kr. 11 260. Áhafnir flutningsskipa 100 lesta eða stærri
kr. 875.

Áhafnir flutningsskipa undir 100 lestum en ekki undir 12 lestum kr. 1047.

Áhafnir fiskiskipa 12 lesta eða stærri kr. 1047.

5. gr.

10. gr. orðist svo:

Áhættugjald vegna slökkviliðsmanna, sem ekki eru fastráðnir skal vera kr. 105
fyrir hverja kvaðningu, hvort sem er við æfingar eða slökkvistarf.

6. gr.

11. gr. orðist svo:

Föst árgjöld skulu vera sem hér segir:

Vegna heimilisdráttarvélar eða vélsleða	kr. 2 400
Vegna rafstöðvar	— 1 200
Vegna súgþurkunartækis	— 1 200
Vegna heyblásara (saxblásara, heybyssu)	— 1 200
Vegna bifhjóls	— 2 400
Vegna reiðhjóls með hjálparvél	— 2 400

Reglugerð þessi er sett samkv. heimild í 36. gr. laga nr. 67/1971 um almanna-tryggingar til að gilda frá 1. janúar 1978. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 3 4. janúar 1977 um breyting á reglugerð nr. 7/1964 um iðgjald til slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 1963 um almannatryggingar, sbr. reglugerð nr. 60 1969.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 469.

30. desember 1977.

REGLUGERÐ

um holræsagjöld í Egilsstaðahreppi.

1. gr.

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta í Egilsstaðahreppi, á lóð eða leigir lóð í bænum við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

Upphæð holræsagjalds skal vera 0.15% af fasteignamati húsa og lóða skv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28, 29. apríl 1963.

Lágmarksupphæð holræsagjalds fyrir hverja gjaldskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 2 000.00.

Nú er fasteign, sem greiða ber af holræsagjald eigi virt fasteignavirðingu og skal þá greiða holræsagjald skv. samþykktum uppdráttum, kr. 10 00 á hvern rúm- metra í íbúðarhúsnæði og kr. 5.00 á hvern rúmmetra í öðru húsnæði.

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

Ekki skal reikna holræsagjald fyrsta árið sem byggingin er í notkun.

2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslum gjaldsins.

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveði í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og að- fararveði.

3. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteigna- skatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Egilsstaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum lögum nr. 15, 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1977.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.